

Vangaveltur um lífeyrismál

Tryggvi
Ásmundsson
Lungnalæknir



tryggvi.asmundsson@gmail.com

Sá sem þessar línur ritar jatar að hafa ekki farið að hugsa verulega um lífeyrismál fyrr en fór að líða á starfsævina. Ég vil vara við þeim mistökum. Almenni lífeyrissjóðurinn, sem flestir læknar eru í, býður upp á persónulega ráðgjöf í þessum efnunum, sem allir ættu að þiggja. Ef þeir gerðu það þyrftu þessi skrif máské ekki að verða lengri. En því er ekki að treysta svo ég held áfram!

Læknum sem öðrum ber skylda til að vera í lífeyrissjóði. Lágmarksiðgjald er 15,5% af launum, læknar greiða 4% og vinnuveitandinn 11,5%. Lágmarksiðgjaldið skiptist þannig að 8% fer í samtryggingarsjóð og 7,5% í séreignarsjóð. Vegna stuttrar starfsævi lækna er elli- og örorkulífeyrir þeirra lægri en hjá flestum öðrum stéttum. Þeir þurfa því klárlega tryggingar til viðbótar. Viðbótarlífeyrissparnaður sem allur fer í séreignarsjóð er hagkvæmasta sparn-

aðarleið sem völ er á. Þá greiða læknar 2% af launum, sem er frádráttarbært frá skatti, og vinnuveitandinn greiðir 2% mótframlag. Inneignin er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og hún erfist. Tekjuskattur er greiddur af þessum lífeyri sem og öðrum. En þetta er ekki nóg. Læknum er ráðlagt að hafa: 1. Afkomutryggingu sem tryggir 70% af launum fyrstu þrjú árin hjá þeim sem eru að hefja störf og 20-30% af launum eftir það. 2. Sjúkra- og slysatryggingu sem greiðir ein árslaun við örorku. 3. Sjúkdómatryggingu sem greiðir ein árslaun við greiningu alvarlegra sjúkdóma. 4. Líftryggingu sem greiðir langtímaskuldir og að minnsta kosti tvenn árslaun.

Margir myndu ætla að með þessar tryggingar allar væri fólk orðið býsna öruggt um fjárhag sinn. En er það nú alveg víst? Við þekkjum vel þær hremmingar sem lífeyrissjóðirnir hafa mátt þola og þá lækkun lífeyris sem því hefur fylgt. Til að standa við skuldbindingar sínar þurfa lífeyrissjóðir að raunávaxta eignir sínar um 3,5% á ári. Færustu sérfræðingar telja það ómögulegt í dag. Sem betur fer hækkar meðalaldur fólks, en það eru ekki endilega góð tíðindi fyrir sjóðina að borga öllum þessum gamlingjum lífeyri endalaust! Vonandi er ekkert hrún framundan, en það er því miður ólíklegt að ekki komi til frekari skerðingar á lífeyri.

Sparnaður er hugtak sem er Íslendingum ekki tamt. Stjórnvöld virðast styðja þá

hugsun og það er ekkert gert til að hvetja fólk til að spara. Himinhár fjármagnstekjuskattur og „auðlegðarskattur“ er til marks um það. Það er jafnómögulegt fyrir einstaklinga og lífeyrissjóði að ávaxta eignir sínar á Íslandi í dag. Ég leyfi mér samt að spyrja: Er það eftirsóknarvert þjóðfélag að búa í? Ég ætla engu að síður að ráðleggja læknum að leggja fyrir til elliáranna ef þeir eiga eitthvað afgang. Vonandi eiga aðstæður eftir að batna og myndast skilningur á nauðsyn sparnaðar. Ég minnst þess að einmitt um það leyti sem ég var ekki búinn að eyða öllu um mánaðamót héldu læknafélögin námskeið um fjárfestingar. Fyrirlesarinn var bara einn, en skýr og skeleggur og ég á einhvers staðar í förum mínum kennslubók eftir hann sem reyndist vel. Það situr enn í mér hvað hann lagði mikla áherslu á að dreifa áhættu eins mikið og maður hefði hugmyndaflug til. Muna eftir að fleira væri fjárfesting en fasteignir, hlutabréf og verðbréf. Gull, skartgripir, bækur, antik, listaverk! Kannske er kominn tími til að endurtaka svona námskeið? Veit samt ekki. Almennungur á Íslandi vill ekki að læknar séu að hugsa mikið um peninga!

Thoughts about pension

Tryggvi, MD, retired chest-physician.